

1. Fundargerð 805 lesin upp og samþykkt.
2. Aðsent efni. Bréf frá The University of Iowa varðandi sýningu sem sett hefur verið upp í National Wrestling Hall of Fame í Waterloo í Iowa. Bréfinu fylgdi glæsileg mynd af glímuminjum á safninu, þar á meðal íslenska landsliðsbúningnum og glímubelti.  
Gjafir bárust frá ÍSÍ vegna 100 ára afmælis sambandsins: *Íþróttabókin. ÍSÍ. Saga og samfélag í 100 ár*, og afmælisfáni.
3. Bikarglíma Íslands fór fram 28. janúar. Keppni gekk vel og voru margar fallegar glímur. Einnig var töluvert fjallað um mótið í fjölmiðlum.
4. Íslandsmótið í Back-hold fór fram 29. janúar. Keppt var í karla- og kvennaflokki og góð stemning meðal þáttakanda. Andri Freyr Viðarsson sjónvarpsmaður mætti á mótið og tók viðtöl við þáttakendur, ásamt því að taka upp myndefni fyrir nýjan sjónvarpsþátt.
5. Glímuping verður haldið 3. mars í Reykjavík. Undirbúningur gengur vel.
6. Heiðursviðurkenningar. Málið rætt.
7. Önnur mál. Ólafur greindi frá stöðu skómála hjá sambandinu, en illa gengur að finna skó sem henta glímuíþróttinni. Ólafur er þó í sambandi við innlendan birgja sem leitar logandi ljósum að framtíðarlausn fyrir Glímusambandið.
8. Næsti fundur ákveðinn um miðjan mars og fundi slitið kl. 18:31.